

# Styrkir úr Vísindasjóði Krabbameinsfélags Íslands

**Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í annað sinn. Markmið sjóðsins er að efla íslenskar rannsóknir á krabbameinum með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.**

Með hliðsjón af því stofnframlagi sem kom úr sjóði Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna er sérstaklega tekið fram að hluti styrkveitinga úr sjóðnum skal vera til að styðja við rannsóknir krabbameina í börnum og unglingum og aðhlyningu krabbameinssjúkra barna.

Stofnfé Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands er 250 milljónir króna og í samræmi við ákvæði í stofnskrá sjóðsins mun stjórn sjóðsins úthluta allt að 100 milljónum króna til vísindarannsókna og annarra verkefna á fyrstu þremur starfsárum hans. Stjórn sjóðsins mun veita styrki til smærri verkefna og rannsókna en einnig til umfangsmeiri vísindarannsókna. Hámarksupphæð styrks til viðameiri vísindarannsókna er 10 milljónir króna á ári.

[www.krabb.is](http://www.krabb.is)

Umsóknareyðublað, stofnskrá, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar um Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands er að finna á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands, [www.krabb.is/visindasjodur/](http://www.krabb.is/visindasjodur/).

**Umsóknir skal senda rafrænt á [visindasjodur@krabb.is](mailto:visindasjodur@krabb.is).**

Umsóknir um styrki vegna vísindarannsókna verða sendar Vísindaráði Krabbameinsfélags Íslands til skoðunar, sem fer yfir allar umsóknir og veitir stjórn sjóðsins umsögn um þær, eins og nánar er fjallað um í úthlutunarreglum sjóðsins. Umsóknum um styrki vegna aðhlyningar krabbameinssjúkra barna skal skila á sama umsóknareyðublaði og fylltir út þeir reitir sem við eiga. Úthlutun úr sjóðnum verður í byrjun maí nk. á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

**Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 1. mars nk. kl. 16:00.**

**Reykjavík, 4. febrúar 2018**

Stjórn Vísindasjóðs  
Krabbameinsfélags Íslands

